



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun

2022 - 2023

Grandaborg



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Samkennd - Virðing.....	3
1 Greinargerð skólastjóra	3
2 Innra mat deilda	5
2.1 Greinargerð Klettavíkur	5
2.1.1 Umbótaáætlun Klettavík 2022 - 2023	6
2.2 Greinargerð Ölduvíkur	7
2.2.1 Umbótaáætlun Ölduvíkur 2022 – 2023.....	9
2.3 Greinargerð Skeljavíkur.....	10
2.3.1 Umbótaáætlun Skeljavíkur 2022– 2023.....	11
2.3 Greinargerð Fjöruvíkur.....	12
2.3.1 Umbótaáætlun Fjöruvíkur 2022 – 2023	14
2.4 Greinargerð um sérkennslu / stuðning	15
2.4.1 Umbótaáætlun sérkennslu / stuðnings 2022 - 2023.....	16
2.5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	17
2.5.1 Umbótaáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku 2022 – 2023 .	18
3 Ytra mat.....	19
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	19
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	20
6 Foreldrasamvinna	20
7 Skipulagsdagar, leikskóladagatal, viðburðir.....	21
8 Fylgigögn	22
8.1 Umsögn foreldraráðs.....	22
8.2 Leikskóladagatal.....	22



Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Samkennd - Virðing

1 Greinargerð skólastjóra

Skólaárið 2021 – 2022 var að vissu leyti endurtekning frá fyrra skólaári þar sem heimsfaraldur var enn í gangi. Starfsmanna-, barna- og foreldrahópurinn var þó betur undirbúinn að takast á við þær áskoranir sem settar voru annað hvort af yfirvöldum eða okkur sjálfum í Grandaborg. Allt gekk upp vegna góðrar samvinnu heimilis og skóla og fyrir það verðum við, stjórnendur og starfsfólk í Grandaborg, ávallt þakklát. Sama var upp á teningnum og árinu áður, að nýir foreldrar fengu ekki að kynnst starfi leikskólans fyrr en leið á skólaárið og er það miður. En við horfum til betri tíma fyrir næsta skólaár þar sem að okkur hefur tekist að halda áfram starfi án vandamála eftir að við opnuðum skólann fyrir foreldra sem og aðra aðila.

Við fengum þó að kynnst heimsfaraldri af fullum krafti eftir áramótin, bæði hjá börnum og starfsfólki, og raskaðist skólastarfið fyrir vikið. Við vinnum að skóladagatali, fyrir næsta skólaár, verður þess vegna horft mikið til samverustunda með foreldrum allt árið og verður það mikil tilhlökkun. Nýir foreldrar næsta skólaár fengu kynningarfund í júní. Þetta fundarfyrirkomulag var tekið upp sumarið 2018 og þótti það henta vel. Fundurinn var haldinn seinnipartinn og hittu foreldrar stjórnendur skólans og deilda og einnig gátu þeir skoðað skólann án nokkurrar hindrunar. Við teljum þennan fund mikilvægan vegna þess að það eykur á öryggi foreldra þegar aðlögun barna byrjar í lok sumars og um leið er lagður grunnur að góðu foreldrasamstarfi.

Eftir sumarlokun var haldið áfram eftir fremsta megni að halda eðlilegu starfi gangandi. Fyrirkomulag varðandi aðkomu foreldra í leikskólann var þó með takmörkum. Takmarkaður tími foreldra tók mið að fyrir kl. 9:00 og eftir kl. 15:30 gátu þau komið inn en annars var leikskólinn lokaður. Hólfaskipting var ríkjandi og lítil samvinna milli deilda en þó meiri en árinu áður.

Ekki var innritað að fullu fyrir skólaárið þar sem ekki hafði tekist að ráða í allar stöður og í september þurfti að grípa til aðgerða að loka einni deilda á dag. Í október hafði okkur tekist að ráða í stöður, bæði tímabundið en einnig til lengri tíma. Við leituðum eftir aðstoð foreldra við að finna starfsmenn og voru þeir allir að vilja gerðir að aðstoða okkur. Fyrir það verðum við ætíð þakklát.

Ekki var búið að innrita börn í öll pláss fyrr en um áramótin.

Aðlögun nýrra barna fór þó fram með svipuðu formi og árinu áður. Foreldrar komu með börnunum sínum og voru í smærri hópum og fengu ákveðinn tíma til að vera með þeim eða í skólanum þann tíma sem aðlögun stóð yfir. Það var gert til þess að hópurinn yrði ekki of fjölmennur.

Við þurftum ekki að grípa mikið til faliðunaraðgerða vegna manneklu vegna þess að starfsmannahald varð ríflegra þegar leið á skólaárið. Þó reyndi á það þegar faraldurinn skall á okkur eftir áramótin. Ýmist var það hluta úr degi eða allan daginn í nokkur skipti.

Samvinna varð meiri milli deilda eftir því sem leið á skólaárið og við fórum einnig í að aðstoða milli deilda og í útiveru. Starfsfólk sem kom nýtt inn þegar takmarkanir voru í gangi voru þess vegna að kynnst starfsmannahópnum smátt og smátt.

Í markmiðum síðasta skólaárs var áfram lögð áhersla á félagsfærni og sjálfsefningu auk þess sem heilbrigði, læsi og sköpun var fléttuð inn í, en þau atriði haldast meðal annars í hendur við stefnu Heilsuleikskóla. Heilsubókin varð rafræn á skólaárinu og eru deildarstjórnarar enn að



læra á verkfærið. Rafræna bókin er opin foreldrum hluta skólaársins en við fórum fram á að hún yrði opin foreldrum allt árið. Heilsubókin er notuð til grundvallar fyrir foreldrasamtöl sem eru að jafnaði tvisvar á ári.

Við gátum hins vegar lokið því með hefðbundnu hætti því útskrift elstu barna og sumarhátíð fór fram þannig að við gátum boðið fjölskyldum barnanna að taka þátt og fagna merkingu tímamótum.

Fyrir næsta skólaár hefur verið sótt um styrki hjá Reykjavíkurborg til að dýpka frjálsa leikinn þannig að sjálfsefning og félagsfærni eflist í barnahópnum. Sótt var um tvo styrki. Annars vegar styrk úr A-sjóð þar sem samstarf með Gullborg og Ægisborg verður eflt og hins vegar styrk úr B-sjóði þar sem þessir sömu skólar fara í meiri samvinnu með eflingu á frjálsa leiknum og vinnu með yngstu börnum leikskólanna. B-styrkurinn verður einnig í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Bundnar eru miklar vonir um að þessir styrkir fáiast þannig að hægt sé að fara í dýptina á því starfi sem nú þegar hefur verið byrjað á. Við stefnum einnig á þróunarverkefni í gegnum B-sjóð SFS, með Austurborg, Garðaborg, Kvistaborg auk menntavísindasviðs HÍ þar sem unnið verður með stærðfræði í umhverfi barna.

Við horfum fram á meiri stöðugleika í starfsmannahópnum þó að einhver hreyfing hafi verið í hópnum yfir skólaárið og við upphaf þess næsta. Það eru góðar fréttir því að með stöðugleika er hægt að halda áfram að byggja upp án þess að vera sífellt að koma nýju fólki inn í starfshætti. Við misstum þó fólk í veikindi vegna loftgæða. Sérkennslustjórinn, Svanhvít Guðjónsdóttir, fór í veikindaleyfi um áramótin síðustu og verður frá eitthvað fram á næsta skólaár. Karen Elísabetardóttir, deildarstjóri Klettavík ákvað að leysa Svanhvíti af tímabundið og tók hún við hennar stöðu í júní. Við hennar stöðu tekur Estrid Þorvaldsdóttir, sem hefur sinnt starfi leikskólaleiðbeinanda á Ölduvík. Starfsmenn eru að færa sig á milli deilda sem er jákvætt því þannig styrkjum við hópinn í að virkja mannauðinn. Áherslan er á að allir fái notið sín og finni vettvang sem þeim líður vel í og fái að blómstra.

Varðandi loftgæðin þá settu þau mark sitt á starfsemi leikskólans. Loka þurfti rýmum í lengri eða skemmri tíma en við horfum fram á að þeirri vinnu verðir lokið áður en næsta skólaár hefst. Léleg loftgæði og myglumyndum má rekja til margra þátta. Fyrst og fremst er um lélegt viðhald að ræða, regluleg hreinsun og þríf hefur verið léleg eða að takmörkuðu leiti. En einnig hafa reglugerðir og byggingaframkvæmdir tekið breytingum sem orsakað hafa samspil vandamála. Foreldrahópurinn tók öllu þessu raski með jafnaðargeði og er það til að þakka fyrir. Reynt var eftir fremsta megni að upplýsa foreldra eins mikið og hægt var en þegar stærri verkefni voru í framkvæmd voru allir vel undirbúnir að breyta um inngang í leikskólann eða fækka svæðum til að starfa á.

Álag hefur verið mikið á starfsfólki undanfarin tvö ár og var staðan á loftgæðum ekki að minnka álagið. Starfsfólk fann fyrir líkamlegum einkennum og þurftum við að vera í samvinnu við Heilsuvernd til að fylgja líðan starfsfólks eftir. Álag var ekki síður á stjórnendum skólans þar sem hlutverk þeirra breyttist að miklum hluta til í stöðu húsvarðar og eftirlitsaðila með framkvæmdum. Fyrir vikið var fagleg stjórnun minni en hefði átt að vera. Haga hefur þurft starfsemi í samræmi við framkvæmdir og var heppilegt að skólinn sigldi inn í vor og sumar og var útivera meiri en oft áður. Álag var ekki síður á stjórnendum skólans

Við horfum fram á að næsta skólaár verði með svipuðum hætti og árin fyrir heimsfaraldur en þó með öllum þeim jákvæðu þáttum sem út úr honum komu. Við fáum til okkar nýjan hóp barna og foreldra og þá aðallega á Fjöruvík. Börn flytjast á milli deilda og halda áfram að þroskast hafa gaman af lífinu og hlökkum við mikið til að fylgja þeim eftir.

2 Innra mat deilda

2.1 Greinagerð Klettavíkur

Á deildinni voru fimm starfsmenn með 24 börn, þar af einn starfsmaður sem sinnti stuðningi og einn starfsmaður í 50% starfshlutfalli. Starfsmenn skiptu með sér verkefnum sem tengdust hópatímum bæði skipulagi og framkvæmd. Einn kennari tók að sér að sinna myndlistarkennslu, deildarstjóri sá um útinám, einn sá um hreyfingu, einn sá um Lubba, starfsmaður í stuðning var utan þessa skipulags. Öllum starfsmönnum var frjálst að koma með hugmyndir að verkefnum eða stýra hópatíma. Þetta fyrirkomulag hentaði deildinni mjög vel og var hægt að sinna þessum verkefnum vel, og hafa þau fjölbreytt og viðfangsefni við hæfi. Til þess að þetta gengi upp fengu þeir starfsmenn sem sinntu sérverkefnum ríflegan undirbúningstíma og voru starfsmenn samstíga með það að finna lausnir til að ná að hafa undirbúning þó að forföll kæmu upp.

Við ákváðum að skipta hópnum í tvennt og vera með hópana til skiptis að leika úti og inni. Þetta var mjög vel heppnað og börn og kennarar nutu sín að hafa meira pláss fyrir leikinn bæði úti og inni. Við sjáum fyrir okkar að auka þessar hópaskiptingu og bjóða upp á minni hópa í samveru á næsta skólaári.

Hvað varðar almennt skipulag á starfinu þá erum við ánægð með það og sjáum fyrir okkur að halda því óbreyttu. Sú breyting varð að íþróttatímar í KR féllu niður eftir áramót þar sem að tímasetningar stönguðust á við aðrar bókanir hjá KR. Við vonumst til þess að þetta verði með öðrum hætti á nýju skólaári þar sem að börnin njóta þess mjög að fara í KR og það gefur fjölbreytta möguleika í að þjálfa grófhreyfingar.

Myndlistin gekk mjög vel og var áherslan á að fara meira á dýptina í verkefnum og tengja saman myndlist og vettvangsferðir. Þetta gaf góða raun og væri skemmtilegt að sjá áfram sama skipulag. Það hitti þannig á í vetur að útinámið féll oft niður, við sjáum fyrir okkur breytingar á því næsta vetur þar sem að við tengjum meira myndlist og stærðfræði í útinámið eins og kemur fram í umbótaáætlun.

Lubbastundir gengu framar vonum í vetur og var mikill metnaður lagður í að undirbúa og útbúa verkefni og kennsluefni í tengslum við Lubba. Börnin hafa verið sérlega áhugasöm og mikilvægt að halda þessu góða starfi áfram. Í október var lagt fyrir Hljóm-2 skimun hjá elstu börnunum. Í kjölfar þess gerðum við tilraun með að setja saman Hljómborð – en hugmyndin var að þar væri eitt matarborð þar sem sætu börn sem þyrftu auka stuðning í hljóðkerfistvitund ásamt kennara sem væru tilbúinn að nýta matatímann í vinnu með málþroska. Við þurftum fljótt að endurskoða þessa hugmynd þar sem ekki við sáum að við vorum ekki að ná okkar markmiðum með þessari breytingu, væri samt áhugavert að gera aðra tilraun á nýju skólaári. Eftir áramót, þegar covid var gengið yfir, byrjuðum við aftur með Flæði á föstudögum þar sem að börnunum bauðst að fara á milli deilda að leika, þetta var virkilega vel heppnað og væri gaman að halda áfram með þetta á næsta skólaári. Barnahópurinn hefur fjölbreyttan áhuga og eru dugleg að leika með margbreytilegt leikefni og frjálsi leikurinn hefur gengið mjög vel í vetur, eitthvað hefur verið um árekstra í samskiptum sem við höfum tekist á við með virkri hlustun og unnið með börnunum að því að setja okkur viðmið um hegðun og samskipti þannig að öllum líði vel. Börnunum er boðið að taka virkan þátt í skipulagi eins og oft og mögulega er en við myndum gjarnan vilja sjá það gert á markvissari hátt sem við sjáum fyrir okkur að muni tengjast inn á þátttöku okkar í þróunarverkefni um leik sem hefst á næsta skólaári.

2.1.1 Umbótaáætlun Klettavík 2022 - 2023

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat hvenær/hvernig	Viðmið
Tengja útinám við myndlist og stærðfræði	Að útinám verði skipulagt í tengslum við stærðfræðihu gtök og myndlistar verkefni	Að útbúa útinámsverkefni sem tengjast myndlist og stærðfræði	Sept til maí	Kennari sem er ábyrgur fyrir útinámi og deildarstjóri	Deildarfundir	Að augin fjölbreytni verði í útinámi og það tengist inn á starfið á deildinni.
Auka lýðræði í leik í samræmi við þróunarverkefni með Gullborg og Ægisborg	Að börnin stýri leikefni sem er í boði	Að allt leikefni sé alltaf í boði og börnin geti blandað leikefni og beri meiri ábyrgð á leiknum og leikefninu	Sept til maí	Deildarstjóri og starfsfólk	Deildarfundir og skráningar á leik. Einnig skráningar tengdar þróunarverkefni i með Gullborg og Ægisborg	Að börnin endist lengur í leik og að minni árekstrar verði í leiknum. Að starfsfólk eflist í skráningum á leik.
Markviss vinna með Lubbi finnur málbein	Að festa Lubbastundir í sessi í starfi á deildinni.	Að öll börnin fari í vikulegar Lubbastundir þar sem unnið er með ákveðin málhljóð hverju sinni	Sept til maí	Kennari sem er ábyrgur fyrir Lubba og deildarstjóri	Deildarfundir og skráning á Lubbastundum –Hljóm 2 niðurstöður	Aukinn málþroski barnanna og augin hljóðkerfisvitu nd
Markviss vinna með hljóðkerfisvitu nd	Að börnin hafi augin tækifæri til að æfa hljóðkerfisvit und sína.	Að við nýtum verkefni og verkfæri sem efla hljóðkerfisvitu nd á markvissan hátt með reglulegum Hljóðkerfissamve rum	Sept til maí	Deildarstjóri og starfsfólk	Deildarfundir og Hljóm 2 niðurstöður	Að börnin eflist í hljóðkerfisvitu nd
Tengja útinám við myndlist og stærðfræði	Að útinám verði skipulagt í tengslum við stærðfræðihu gtök og myndlistar verkefni	Að útbúa útinámsverkefni sem tengjast myndlist og stærðfræði	Sept til maí	Kennari sem er ábyrgur fyrir útinámi og deildarstjóri	Deildarfundir	Að augin fjölbreytni verði í útinámi og það tengist inn á starfið á deildinni.



2.2 Greinagerð Ölduvíkur

Haustið 2021 byrjaði af krafti en allt starfsfólk deildarinnar kom nýtt inn í leikskólann og tók svölítið langan tíma að fylla upp í stöðugildi deildarinnar. Það varð til þess að álag var mikið á þá sem fyrir voru. Barnahópur deildarinnar kom af Fjöruvík og Skeljavík en til viðbótar komu 4 börn í aðlögun í haust og 1 barn kom eftir áramót. Þegar endurmat var skrifað samanstóð deildin af 17. börnum, 4 kennurum í 100% starfi og 2 kennurum sem deilda heilu stöðugildi. Snemma kom í ljós að deildin samanstóð af mörgum öflugum börnum, ásamt nokkrum stuðningsbörnum, sem útskýrir starfsmannafjölda deildarinnar.

Vegna erfiðleika við ráðningar í haust var stórt hlutfall nýráðins starfsfólks reynslulítið eða algjörlega reynslulaust í starfi með börnum sem gerði það að verkum að álagið var heldur meira en það hefði orðið með reynslumeira starfsfólki. Á nýju ári er starfsfólk öruggara í starfi sínu og tilbúnara til að takast á við aðstæður sem koma upp í starfinu.

Upplýsingaflæði var oft á tíðum bágborið og hefði starfsfólk deildarinnar haft gott af því að hafa einstakling sem hafði unnið lengi innan veggja skólans með sér á deildinni til að koma í veg fyrir óþarfa árekstra. Þetta var rætt á deildarstjórafundum og hugmyndum varpað upp um uppstökkun í starfsmannahópnum fyrir nýtt skólaár til að koma í veg fyrir það að þetta endurtaki sig.

Þrátt fyrir öfluga deild hafa börnin mjög gaman af hvers kyns samverustund og eru mjög jákvæð fyrir öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. Samverustundir eru því miklar gæðastundir og hafa börnin fengið ríkulega innlögn bókmennta og laga og hafa æfst í flóknum textum. Við tökum upp á því að skipta okkur til helminga í útiverunni til að skapa grundvöll til nýrra vinasambanda og dýpri leik í smærri hópum. Það gafst vel og hélst fyrirkomulagið því fram á sumar.

Börnunum líður almennt vel í leikskólanum þó vissulega komi upp árekstrar í hópnum.

Í lok skólaárs hófust miklar framkvæmdir vegna myglu og rakaskemmda sem urðu þess valdandi að mörg rými skólans duttu út sem flæktu allt skólastarf umtalsvert.

Mat á skólastarfi Ölduvíkur

Fræðsla um fjölbreytileika

Í vetur fengu börn ríkulega fræðslu fjölbreytileika og þá einna helst í gegnum lestur hinna ýmsu bókmennta og umræður tengdum lestrinum. Við erum með fjölbreyttan barnahóp, ólíkar fjölskyldugerðir og fjölbreyttan uppruna barna og starfsfólks. Börnin eru mjög forvitin um ólík tungumál en mörg barnanna eru tvítyngd og hafa verið dugleg að segja okkur hin ýmsu orð. Við tökum á móti flóttabarni í haust og fengum góðan orðalista með því sem börnin tóku virkan þátt í að læra og nýta í samskiptum á meðan íslenskan æfðist hjá því.

Skráning á leik

Formleg skráning á leik fór ekki fram í vetur, hins vegar höfum við nýtt okkur tæknina og stuðst við ljósmyndir sem skráningarform. Viðburðir og verkefni sem börn deildarinnar vinna hafa birst á Instagram síðunni, ásamt útlistun á því hvað er að eiga sér stað. Verðugt verkefni fyrir næsta vetur væri að efla skráningu í leik og starfi. Valin verkefni fara í ferilmöppur ásamt afmælisskráningu en skráning á leik má klárlega bæta.



Að setja tónmennt í dagskipulagið

Börnin hafa fengið ríkulegt tónlistaruppeldi í vetur, við syngjum mikið og í frjálsum leik syngjum við og semjum bulllög. Við höfum æft flókna lagatexta, rætt um ólíkan takt og inntalningu í lög. Tónlist er alltaf í boði og velja börnin oft að fá að hlusta á tónlist. Við höfum gítar okkur til halds og trausts og tökum stundum hljóðfærin inn en vissulega má gott bæta. Gaman væri að taka tónmennt sem vinnustöð á borð við listasmiðju þar sem allir fá sömu innlögn og einn kennari sæi alfarið um undirbúning og framkvæmd. Því má segja að enn sé gott rými til umbóta.

Að vinna áfram með Hugarfrelsi – þá í tengslum við slökun og tilfinningalæsi

Hrafnhildur hefur sinnt Hugarfrelsi í þau skipti sem hún hefur tekið hvíld, ekki markvisst, en aðrir hafa ekki sinnt því og þekkja ekki hugmyndafræðina. Í tengslum við tilfinningalæsi höfum við tekið fyrir klípusögur, og bækur sem reyna á félagsfærni og vináttu.

Málörvun með Lubba

Málörvun Lubba má klárlega bæta en í vetur náðum við ekki að festa Lubbastundir í dagskipulagi, nýtt starfsfólk þekkti ekki aðferðafræðina og aðrir voru fastir í sínum verkefnum. Hann var tekinn fyrir inni á milli en langt í frá að vera markviss. Rætt var um að Arndís tæki að sér Lubbastarfsmannabjálfun næsta haust.

Að bjóða oftari upp á opinn efnivið og hafa það markvisst

Leikskólinn býr að einhverjum opnum efnivið og höfum við annað slagið sótt okkur viðbótarleikefni í hillurnar frammi á gangi. Við nýttum það einna helst á ljósaborð eða myndvarpa í myrkri vetrarins. Við nýtum einingakubba, segulkubba, leir, liti, málningu og lego mikið í leik en hins vegar er mikil menning innan leikskólans fyrir leikefni sem seint teldist opið og væri gaman að reyna eftir fremsta megni að opna efniviðinn sem mest og horfa þar til Reggio stefnunnar.



2.2.1 Umbótaáætlun Ölduvíkur 2022 – 2023

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat hvenær/hvernig	Viðmið
Frjáls leikur	Að leikur barna deildarinnar sé allur á þeirra forsedum	Við höfum efnivið og leikefni aðgengilegt og aðstoðum börn sem eru ekki komin í leik	Sept til maí	Deildarstjóri og starfsfólk Allir ábyrgir	Deildarfundir og skráningar	Skráning á leik og ljósmyndaskráning
Skráning á leik	Tengja saman leik og grunnþætti menntunnar, myndrænt fyrir starfsfólk, börn og foreldra	Að við gefum frjálsum leik aukið rými, skiptum börnum í minni hópa og skráum leikinn myndrænt.	Sept til maí	Deildarstjóri og starfsfólk	Deildarfundir og skráningar, notum fundina til að skoða skráningar og myndir	Að börnin fái fleiri tækifæri í frjálsan leik og starfsfólk eflist í skráningum.
Að útinám verði markvissara	Að útinám sé vikulegur viðburður með tilheyrandi ferðum og útikennslu	Útnefna þarf sérstakan útinámsstjóra sem sér um skipulagningu útináms, það getur verið deildarstjóri eða annað starfsfólk deildarinnar	Sept til maí	Starfsfólk deildarinnar (útinámsstjóri)	Ljósmyndaskráningar og skráningar	Börnin hafi kynnst borginni í gegnum ferðir vetrarins og upplifað ólíkar kennsluaðferðir í nýju umhverfi
Að hvíldin sé meiri hvíld	Að hvíldin sé staður slökunar og allir komi endurnærðir þaðan.	Starfsfólk kynnir sér ólíkar aðferðir hvíldar, yoga, Hugarfrelsi t.d.	Sept- maí	Starfsfólk deildarinnar	Deildarfundir	Aukin ró í hvíldinni



2.3 Greinagerð Skeljavíkur

Á Skeljavík í vetur hafa verið 15 börn, öll fædd árið 2018. Haustið einkenndist af fáliðun í starfmannahópnum sem hafði áhrif á starf deildarinnar. Á deildinni vorið 2022 starfa 6 starfsmenn í mismunandi hlutfalli. Unnið hefur verið út frá áhuga starfsfólks og þeir skipt með sér verkum með tilliti til þess. Í janúar 2022 voru gerðar breytingar varðandi frjálsan leik barna á Skeljavík þar sem áhersla er lögð á lýðræði, þátttöku barna, sjálfsefningu og félagsfærni. Mikil vinna og tími fóru í þessar breytingar og því var minni áhersla lögð á stundir sem skipulagðar voru af kennurum. Lögð var áhersla á að vinna út frá áhuga barnanna og horft til styrkleika hvers og eins barns.

Samverustundir hafa verið fjölbreyttar í vetur. Börnin hafa t.d. tekið miklum framförum í framsögn og að hlusta á önnur börn segja frá. Í mars byrjuðum við með markvissar Lubbastundir í morgunsamveru. Það hefur gengið vel en við höfum séð að það hentar betur þegar við getum skipt hópnum í tvennt og haft tvær morgunsamverur. Þá er önnur samverustundin Lubbastund en hin allskonar eftir dögum. Einn starfsmaður heldur utan um Lubbastundir. Fyrir hádegismat er bókastund og söngstund. Sett hafa verið fram lög fyrir hvern mánuð og þematengd lög. Þetta hefur reynst vel. Hins vegar finnum við að leita þarf betri leiða til að kveikja áhuga barnanna á að læra texta og hvetja þau til að taka þátt í söngnum.

Myndlist var oft í flæði í vetur inni á deild. Lögð var áhersla á að vinna með opin verkefni og nota skráningar sem settar voru með verkum barnanna til að gefa innsýn í hugsun og hugmyndir þeirra. Myndlistaherbergið hefur gengt öðru hlutverki en myndlistaherbergi stóran hluta vetrar og hafði það áhrif á starfið. Hins vegar hefur reynst ágætlega að hafa myndlist inni á deild og langar okkur að finna myndlistinni enn betri farveg á næsta skólaári. Ákvörðun var tekin í haust að hafa ekki skipulagða hreyfingu í sal leikskólans. Þessi ákvörðun var tekin til að léttu álagi af starfsfólki vegna manneklu í byrjun skólaársins. Litið var á útinám og útiveru sem hreyfingu barnanna og reynt var að tengja markmið heilsubókarinnar við útinámið. Næsta haust langar okkur að tvinna enn betur saman útinám og áherslur heilsubókarinnar varðandi hreyfingu barnanna. Einn starfsmaður hefur séð um skipulag á útináminu. Mesta áherslan hefur verið á að börnin tileinki sér að ganga í hóp og fylgja fyrir mælum. Útinám féll mikið niður yfir háveturinn vegna veðurs og færðar.

Í haust var hvíldin tvískipt, eftir því hvort börn mættu sofa eða ekki. Hvíldin gekk vel fram að áramótum en eftir áramót fór að myndast óróleiki þar sem flest börn voru hætt að sofna í hvíld. Þá var hvíldinni breytt, en þó enn í tveimur hópum. Annar hópurinn fer í hvíld í innra herberginu og má sitja eða liggja á dýnum eða stóru mottunni. Teppi sem leikskólinn á eru í boði í hvíld fyrir þau börn sem vilja. Í hvíldinni höfum við hlustað á ýmsar sögur og leikrit. Oftast er þetta notaleg stund og finnum við mun á mörgum börnum að hafa þetta frjálsræði í hvíldinni. Hinn hópurinn er fámennari og er í hvíld/málörvun í fremri stofu. Þær stundir eru fjölbreyttar en áherslan er á að eiga notalega og rólega stund. Þessar stundir eru fjölbreyttar en markmiðið er að vinna með ýmsa málörvun og lestur einfaldari bóka.

Þemavinna gekk vel í vetur og notuðum við fjölbreyttar leiðir til að vinna með þemun. Í haust unnum við með þemað „ég sjálf/ur og umhverfið mitt“. Þar lögðum við áherslu á að börnin lærðu hvenær þau ættu afmæli, heimilisföng og nöfn fjölskyldumeðlima. Einnig unnu þau sjálfsmynd (sandmynd) sem heppnaðist vel. Útbúin voru spjöld með helstu upplýsingum fyrir hvert barn, sem við sjáum fyrir okkur að gera aftur fyrir nýjan barnahóp. Í nóvember og desember unnum við með jólin. Þemað „gamli tíminn“ tók við í febrúar. Unnið var með

söguna um Búkollu í tengslum við þemað. Notast var við könnunaraðferðina. Börnin höfðu mestan áhuga á kúm og tröllum og því var kafað dýpra í þau viðfangsefnið. Fjölbreytt verkefni í listum voru unnin, margar bækur lesnar, tónlist tengd tröllum og kúm var í aðalhlutverki ásamt vettvangsferð í Húsdýragarðinn. Í tengslum við þemað Vor í vesturbæ vorum við dugleg að fara í vettvangferðir og útinám. Börnin útbjuggu kík og fóru að leita að vorinu, við settum niður paprikufrae og fylgdumst með því vax.

Leikurinn var í aðalhlutverki í allan vetur og áhersla lögð á nám barna í gegnum leikinn. Eftir áramót fórum við af fullum krafti í að leyfa leiknum að njóta sín og styðja betur við nám barna í gegnum leik. Settar voru fram einfaldar reglur um umgengni barna við dótið og reynt að hafa sem mest dót aðgengilegt fyrir börnum. Börnin voru fljót að tileinka sér breyttar áherslur og síðan þá hefur leikurinn blómstrað. Miklar framfarir hafa orðið hjá börnum í félagslegum samskiptum, þau eru sjálfstæðari og endast lengur í leik en áður. Á Skeljavík verður áherslan áfram á frjálsan leik barna og þau tækifæri sem bjóðast í honum.

2.3.1 Umbótaáætlun Skeljavíkur 2022– 2023

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat hvenær/hvernig	Viðmið
Útinám og hreyfing	Að tvinna saman útinám og heilsubók	Markmið heilsubókar í hreyfingu tvinnað inn í útinám. Einn þáttur í mánuði	sept til maí	Deildarstjóri og starfsfólk	Deildarfundir	Að unnið sé markvisst með markmið heilsubókarinnar í tengslum við hreyfingu
Aukin markviss málörvun með Lubba	Að börnin kynnist íslensku máhljóðunum á markvissan hátt	Markvissar Lubbastundir daglega, í litlum hópum	sept til maí	Umsjónamaður Lubba og deildarstjóri	Deildarfundir og skipulagsdagar.	Að börnin eflist í málþroska og framburði.



Frjáls leikur	Sjálfsfelling, félagsfærni, þátttaka barna og lýðræði	Kennarar fylgjast með og styðja við leik barna. Leikefni er aðgengilegt	sept til maí	Deildarstjóri og starfsfólk	Deildarfundir og skipulagsdagar	Efla sjálfsmynd, félagsfærni og virka þátttöku barna. Ýta undir sjálfstæði, sköpun og tjá hugmyndir og reynslu. Styðja við jákvæð samskipti
Eininga-kubbar	Efla sköpun barna og stærðfræði	Hafa einingakubba hluta af daglegu starfi, nota skráningar og ljósmyndir	sept til maí	Deildarstjóri og starfsfólk	Deildarfundir	Að börn séu skapandi og efla stærðfræðilegah ugsun í gegnum leik.

2.3 Greinagerð Fjöruvíkur

Á Fjöruvík voru 19 börn og sjö kennarar, fjórir í fullu starfi en þrír í hlutastarfi. Hver kennari fékk verkefni í samræmi við styrkleika sína og tvo undirbúningstíma á viku.

Að hausti tókum við á móti 14 nýjum börnum og vorum við með þátttökuaðlögun þar sem börnin voru með kennara með sem sína lykilpersónu.


Styrkleikar: Í þátttökuaðlögun fá börnin tækifæri til að öðlast öryggi með foreldrum í nýju umhverfi og mynda tengsl við lykilpersónu sína.

Að lokinni haust aðlögun gáfum við okkur tíma til að kynnst hvort öðru og okkar nánasta umhverfi betur sem er í samræmi við haustþema Grandaborgar „Ég og umhverfið mitt“.

Þemað í janúar og febrúar var „**Gamli tíminn.**“ Í febrúar byrjuðum við vinna með gamla tímann og umræður leiddu okkur frekar í átt að tröllum. Í sameiningu gerðum við hugarkort varðandi hugmyndir þeirra um tröll og gerðu börnin steintröll og teiknuðu líka tröll og gerðu örsögu með.

Það voru gerðar tilraunir með að gera tröllahendur úr trölladeigi og bakaðar tröllakökur. Börnin voru þátttakendur í öllu ferlinu og oftast en ekki komu þau með hugmyndina sjálf.

Við æfðum tröllalög og texta ásamt því að lesa um tröll.



Styrkleikar: Hugmyndin kom frá börnunum og þau voru mjög upptekin af tröllum í öllu ferlinu og stjórnuðu að miklu leyti ferðinni.

Á Fjörúvík er **frjálsum leik** gefin mikið rými í dagskipulagi, leikefnið sýnilegt og í þeirra hæð. Börnin fá tækifæri til að fara frjálst frá einum stað til annast og áhersla er á að börn gangi frá eftir sig að leik loknum.

Markmiðið er að nám barnanna verði að mestu leiti í gegnum frjálsa leikinn þar sem kennari er alltaf til staðar og styður við leik og nám barnanna.

Styrkleikar: Einn af umbótaþáttum sem við lögðum upp með er að auka **félagsfærni**, **sjálfstæði** og **sjálfstraust** meðal barnanna. Markmiðið var að auka **lýðræði** barnanna þannig þau finni að þau hafi áhrif á daglegt líf í leikskólanum við teljum okkur hafa náð því markmiði.

Tækifæri til umbóta: Auka enn meira rými fyrir frjálsan leik, með því að *aðlag* dagskipulagið frekar að frjálsum leik og skapa aðstæður til að flétta námsefnið meira inn í frjálsa leikinn.

Að kennarar öðlist meira öryggi í samstarfsverkefni með Gullborg og Ægisborg.

Börnin fóru daglega í **Lubbastund**, í byrjun var allur hópurinn saman ef fljótlega skiptum við í tvo aldursskipta hópa, til að ná betur til allra.

Tækifæri til umbóta: Að vera með fámennari aldursskipta hópa og að málörvunar teymi þvert á deildar verði sett á laggirnar til að halda betur utan um skipulag og þróun sem verður milli deilda. Eins þarf einn kennari að bera ábyrgð á þessum stundum.

Strax að hausti hófst málörvun af fullum krafti, áhersla er lögð á sögulestur, söngva og þulur, við matarborð og í fataklefa lögðum við orð á alla hluti og hvöttum börnin til að nota orðin í samskiptum.

Í vor ákváðum við að bæta skipulagðri **málörvunar** stund fyrir öll börnin í dagskipulagið, lítill hópur í einu.

Styrkleikar: Við ætlum að halda málörvunarstundunum, en þær eru góð viðbót við almenna málörvun.

Tvisvar í viku bauð kennari uppá yoga eða tónlist til skiptist

Styrkleikar: Við viljum halda því áfram, börnin hafa val um hvort þau vilja taka þátt og það ýtir undir **lýðræði** í starfinu

Eftir áramót byrjuðum við að bjóða uppá **flæði** á föstudögum, þá var opið á milli deilda og börnin og börnin gátu valið hvar þau vildu leika og farið á milli að vild. Að vori tók útiflæði við tvisvar í viku.

Styrkleikar: Tækifæri fyrir börnin að kynnst nýju umhverfi, börnum og kennurum. Undirbúningur fyrir flutning á milli deilda

Einn umbótaþátta síðasta skólaárs var að koma til móts við óskir barna sem komu fram í *Mat barna á skólastarfi*, (matslisti sem börnin fylltu út með aðstoð foreldra) að baki þess þáttar er vinna með lýðræði og raddir barnanna heyrast. Til að koma til móts við óskir barna, út frá matslista, var danspartí á föstudögum.

2.3.1 Umbótaáætlun Fjöruviku 2022 – 2023

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Efla aðkomu foreldra að leikskólanum	Markmið að skapa sterk tengsl og samvinnu milli leikskóla og heimilis ásamt því að efla samskipti milli foreldra innan og utan leikskóla	Heimsóknir í skólann, efla og styrkja frekari tengsl milli kennara og foreldra ásamt því að vera vettvangur fyrir foreldra að hittast	Skólaárið 2022-2023	Deildarstjóri	Umræður á deildarfundum	Að foreldrar finni að þeir eru velkomnir í leikskólann og að tengsl milli foreldra eflist
Málörvun/ Lubbi	Markvissari leið til málörvunar og læsis Að leggja góðan grunn að áframhaldandi markvissri læsisstefnu	Að öll börn fái málörvun og Lubbastund einu sinni í viku að lágmarki í litlum hóp. Að sett verði upp málörvunarteym i þvert á deildar	Skólaárið 2022-2023	Kennari með ábyrgð á málörvun	Reglulegir fundir Málörvunar teymis	Að börnin nái góðum tókum á máhljóðum Lubba



Stuðningur við frjálsa leikinn	Markmiðið er að allir kennarar þekki sitt hlutverk sem stuðningur við leik og nám barna í frjálsum leik	Samvinna milli Grandaborgar, Gullborgar og Ægisborgar. Kennarar á yngstu deildum vinna saman og miðli upplýsingum sín á milli þvert á skóla	Skólaárið 2022-2	Allir kennarar	Miðlun og samráðsfundir Granda-, Gull- og Ægisborgar.	Að allir kennarar verði öruggir í hlutverki sínu
---------------------------------------	---	---	------------------	----------------	---	--

2.4 Greinagerð um sérkennslu / stuðning

Síðastliðinn vetur var ekki síður áhugaveður en þeir tveir sem liðu í heimsfaraldir. Eins og áður þá helgast verkefni sérkennslunnar á hverjum tíma af þeim börnum sem eru í leikskólanum og þurfa á stuðningi að halda. Þó var annað sem setti strik í reikninginn þetta skólaárið því sérkennslustjóri þurfti að vinna í fjarvinnu þar sem hann veiktist út af myglu sem kom upp í skólanum. Fyrir vikið lenti starf sérkennslustjóra á herðum deildastjóra auk aðstoðarskólastjóra. Þeir aðilar sem voru í stöðu stuðningsfulltrúa fengu ekki eins mikla aðstoða við skipulag og verkefni og þeir hefðu þurft.

Fyrri hluta skólaársins voru þrír einstaklingar með skilgreindan stuðning en þegar leið á árið þá fjölgaði þeim og eru sex einstaklingar með stuðning. Þrír starfsmenn sinntu þessu starfi auk deildastjóra og aðstoðarskólastjóra. En auk þeirra sem voru skilgreindir með stuðning hafði sérkennslustjóri aðkomu að öðrum börnum. Ýmist í formi samtals, vinnslu að tilvísunum, málörvun, eflingu félagsfærni og sjálfstyrkingu. Auk tíma sem við vorum með voru nokkur börn í þjálfun hjá talmeinafræðingi utan leikskólans.

Í lok skólaársins réði Karen G. Elísabetardóttir sig í starf sérkennslustjóra og mun hún sinna því í 75% starfshlutfalli auk þess að taka að sér stuðning með börnum á næsta skólaári.

Þar sem aukning er á börnum með skilgreindan stuðning hefur verið ákveðið að taka upp breytt form á sérkennslu og stuðningi með börnum. Búið verður til teymi og verður ákveðið skipulag fyrir hvert barn fyrir sig þannig að allur stuðningur verði markviss. Unnið verður ýmist með þeim sem einstaklingum, í litum hópum eða á deild, sérstaklega ef verið er að styrkja félagslega þáttinn.

Lubbastund þótti takast sérstaklega vel í vetur á elstu deildinni og ákveðið hefur verið að hafa stundir með Lubba sem hluti af stuðningi við allar deildir.

Í vetur bættist í starfsmannahópin einstaklingur sem talar arabísku og kom það sér vel þar sem í barnahópin kom barn sem ekki talaði neitt annað mál en móðurmál sitt, arabísku. Fyrir vikið var hægt að upplýsa foreldra án milliliðar túlks.

Teymisfundir voru reglulega og til að byrja með voru þeir á netinu en síðan þegar takmarkanir voru rýmkaðar og lífið í landi tók á sig eðlilegri mynd þá voru þeir haldnir hér í skólanum. Við vorum í góðum tengslum við þjónustumiðstöð vestur og nýttum okkur sérstaklega mikið þá þjónustu sem þar er boðið upp á, sérstaklega eftir að sérkennslustjóri varð óvinnufær.

Þar sem sérkennslustjóri gat ekki tekið þátt í vinnu við starfsáætlun fyrir næsta skólaár þá var ákveðið að endurtaka umbótaáætlun frá fyrra ári.

2.4.1 Umbótaáætlun sérkennslu / stuðnings 2022 - 2023

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Símenntun	Þjóða upp á námskeið fyrir þá sem eru í stuðningsstarfi	Styrkja þá sem sinna starfi stuðningsaðila	Skólaárið 2022 - 2023	Sérkennslustjóri og sérkennari	Hvort farið sé á námskeiðið.	Nýti þekkinguna í vinnu með barni/börnum.
Fundargerðir	Fundargerðir gerðar aðgengilegar fyrir alla kennara deilda.	Auka á meðvitund allra á því sem er verið að vinna að í sérkennslu.	Skólaárið 2022 - 2023	Sérkennslustjóri	Athugað hvort fundargerðir séu aðgengilegar.	Kennarar deilda hafi aðgang að fundargerðum.
Markvissari skráningar	Dagbók	Til að endurmat verði auðveldara	Vor 2022	Sérkennarar	Vinnustundir skráðar.	Einstaklings-skráningar.
Fundir með deildarstjórum x1 í mánuði	Betri samvinna og upplýsingastreymi	Haustið 2021	Vor 2022	Sérkennslustjóri.	Fundir taldir.	Að fundir hafi farið fram a.m.k. mánaðarlega.
Einstaklings-námskrár.	Útfæra staðlað form.	Vera með form sem hentar vel í stuðningsteymum.	Haust 202	Sérkennslustjóri og sérkennari.	Athuga hvort gagnist barninu.	Sérkennarar nýti sér formið.



2.5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Niðurstöður innra mats

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	já	Samskiptaboðorðin höfð að leiðarljósi: Horfa – Heilsa – Hlusta - Hljóma – Hrósa – Hjálpa. Endurtekið „rétt tal“
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Í öllu daglegu starfi með myndum og ritmáli
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	skipulagðar stundir m.a. með „Lærum og leikum með hljóðin“ og Orðaspjall aðferðinni m.a. úr „Lubbi finnur málbein“ og úr söngtextum
Er fylgst með framförum barnanna?	já	Með skráningu eftir verkefnavinnum
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun		Börnum er skipt í smáa hópa. Þar eru mismunandi verkefni unnin yfir vikuna úr þáttum málörvunar. Spil, hlustunarleikir, hreyfileikir, hljóðfæranotkun, hópleikir, spil söngur og sögulestur. Rígt er í söngtexta með myndum. Ritmál er sýnilegt og Starfsmenn séu virkir þátttakendur í leik barnanna.

Mikið áhersla hefur verið lögð á:

Málörvun fyrir öll börn.

Fjölbreytt námsefni nýtt til málörvunar

Myndir notaðar til stuðnings við innlögn hugtaka í sögum og söngtextum.

Samráð og upplýsingar til starfsmanna um mikilvægi málnotkunar í daglegu starfi

Skipulag á aðgengilegum málörvunarverkefnum fyrir öll börn sem allir starfsmenn geti nýtt sér.

2.5.1 Umbótaáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku 2022 – 2023

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Markvisst Skipulag á litlum samverum og skrá framvindu verkefna	Sjálfsfelandi stundir með fjölbreytt verkefni. Börnin fá tækifæri til að æfa færni í smærri hópi jafningja á fjölbreyttan hátt	Vinnustund í hádegi með eldri börnum leikskólans	Allur veturinn (sept – maí)	Allir starfsmenn í samvinnu við sérkennslustjóra og deildarstjóra.	Endurmat á 6 mán. fresti (vor og haust)	Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Orðalista menntamála stofnunar. Gátlisi talmeinafræðinga. Hugmyndir frá MML
Í daglegu skólastarfi	Að öll börn fái viðbót í orðaforða	Starfsfólk verði meiri þátttakendur í leik barna	Allur veturinn (sept. – maí)	Allir starfsmenn í samráði við sérkennslustjóra og deildarstjóra	Endurmat á sex mánaða fresti (haust og vor).	Hæfnisrammi í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Orðslisti menntamálastofnunar og gátlisti talmeinafræðinga. Hugmyndir MML. Heilsubók barnsins
Einstaklingstímar – skólinn minn	Einstaklingsmiðað nám	Einkatímar á morgnana út frá einstaklingsnámskrá	Allur veturinn (sept. – maí).	Verkefnastjóri fjölmenningar ásamt starfsfólki í stuðningsstarfi	Endurmat á sex mánaða fresti (haust og vor)	Hæfnisrammi í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Orðslisti menntamálastofnunar og gátlisti talmeinafræðinga. Stuðst einnig við hugmyndir MML. Heilsubók barnsins



3 Ytra mat

Ekki fór fram ytra mat þetta skólaárið en kannanir á vegum SFS annars vegar fyrir foreldra og hins vegar starfsmenn fór fram rafrænt.

Árlega er lögð fyrir foreldra könnun þar sem þeir meta sýn sína að starf Grandaborgar. Þegar þessi starfsáætlun er skráð liggur ekki fyrir þáttataka foreldra.

Sama er með starfsmannakönnun sem er árleg að ekki liggja fyrir sýnilegar niðurstöður.

Að niðurstöður liggi ekki fyrir eru ekki gott þar sem við höfum lagt á það áherslu að skoða niðurstöður og ígrunda þær með það í huga að bæta starfið í leikskólanum sem og þætti sem snúa að starfsmannahópnum. Við teljum að allar kannanir tengdar skólastarfi beri að taka alvarlega.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram með svipuðu formi og árinu áður, með örsamtölum. Á skólaárinu var starfsfólki boðið upp á að eiga samtal við skólastjóra ef það vildi. Boðið var upp á að ræða annars vegar styrkleika og hæfileika og tækifæri til vaxtar, þjálfun og starfsþróun. Þátttaka var léleg og verður fyrirkomulagi breytt fyrir næsta skólaár og hver og einn boðaður í samtal.

Fræðsla í starfsmannahópnum var með öðru formi en í venjulegu árferði en skipulagsdagar voru nýttir til fræðslu sem og fræðsla í gegnum fjarfundabúnað. Við fengum til okkar skyndihjálparnámskeið, fræðslu um fjölmenningu og kynningu á frjálsa leiknum, flæði og sköpun.

Þar sem við vorum með starfsmenn í námi með vinnu þá nýttist sú þekking sem þeir sóttu sér í samtali í starfsmannahópnum. Tveir nemar voru í leikskólakennaranum og tveir í leikskólaliðanámi. Við eigum von á að næsta ár verði gott varðandi nám með vinnu því einn starfsmaður ætlar að skrá sig í leikskólakennaranám og tveir eru að velta fyrir sér kennsluréttindum í framhaldsnámi. Við horfum þess vegna fram á gott skólaár.

Mikið verður um samvinnu milli skóla vegna þróunarverkefna. Sótt var um styrk til samvinnuverkefnis Grandaborgar, Gullborgar og Ægisborgar og Menntavísindasviðs. Sá styrkur er til tveggja ára og verður áherslan á leikinn og gleðina í honum og vinnu með yngri börnum í leikskólum. Einnig var sótt um styrk til stærðfræðikennslu í nánasta umhverfi. Það er einnig samvinnuverkefni leikskóla en víðs vegar um borgina. Einn aðili mun bera ábyrgð á því verkefni en deildastjórar munu bera hita og þunga á samvinnuverkefni GGÆ og menntavísindasviðs.

Á síðasta ári nýttum við okkur styrk á vegum Erasmus+ og fóru tveir kennarar til Bologna á Ítalíu og kynntu sem efni tengt Montessori, Reggio, óhefðbundnu námi og útinámi. Við komum til með að fara aftur í ferð eins og þessa á skólaárinu og koma þá tveir aðrir kennarar til með að fara í samskonar námsferð.

Grandaborg stefnir einnig á að fara í námsferð í apríl 2023 og hafa samvinnuskólarnir þír ákveðið að fara saman í ferð og styrkja þannig þróunarverkefnið ekki síður en samvinnu milli þessara skóla.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Svipuð staða var uppi á þessu skólaári og því síðasta að skipulag á samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundar stóðs ekki. Þegar leið á veturinn var komið á heimsóknum milli skólastiga en aðallega var það heimsóknir í Grandaskóla.

Elstu börn leikskólanna þriggja, Grandaborgar, Gullborgar og Ægisborgar hittust í görðum leikskólanna og voru þær heimsóknir kærkomnar.

Ákveðinn farvegur hefur verið gagnvart gagnkvæmum heimsóknum en helst hefur skort á nákvæmu skipulagi dagsetninga áður en skólaárið hefst. Fulltrúar Grandaskóla, Grandaborgar, Gullborgar, Ægisborgar og Undralands hittust að þessu sinni í júní 2022. Í kjölfarið á þeim fundi ákvað skólastjóri Grandaborgar að setja niður nákvæmari tímasetningar á gagnkvæmar heimsóknir og deildi þeim með Gullborg og Ægisborg.

Fyrir næsta skólaár er lagt til að samstarf verði eftirfarandi;

- Í viku 38 í september koma 1. bekkingarnir í heimsókn í „gamla“ leikskólann sinn og eru þá fagnaðarfundir, en einnig gefst leikskólabörnunum færi á að spyrja um hvernig það sé að byrja í skóla.
- Grandaborgarbörnin fara í heimsókn á bókasafn Grandaskóla í viku 45 í nóvember.
- Grandaskóli býður á leiksýningu í viku 49 í desember.
- Í viku 7 í febrúar er haldið í skólastofur í Grandaskóla og „vísiterað“ á frístundaheimilinu Undralandi.
- Í viku 12. í mars er farið í tónmenntatíma og sungið og spilað.
- Í viku 21 í maí fara verðandi Grandaskólabörn í langa heimsókn í fylgd foreldra með nesti.

6 Foreldrasamvinna

Megnið af skólaárinu voru foreldrar fjarri öllu starfi í skólanum. En þegar leið á árið þá opnuðum við skólann og var það skemmtileg tilbreyting frá undanförunum árum. Við reyndum að halda foreldrum vel upplýstum yfir skólaárið og er reglulega sendur póstur frá deildum en einnig koma upplýsingar frá skólastjóra þegar mál tengjast öllum skólanum.

Tæknin var notuð til samtala, bæði fyrir og eftir áramót. Þó var í boði fyrir foreldra að koma í skólann í seinna samtali sem var í maí. Við munum halda áfram fjölbreytileika í samtölum þannig að foreldrar geta valið um að koma í skólann, heyrast í gegnum síma eða tölvu.

Til stuðnings í samtölum var stuðst við heilsubók barnsins en með elstu börnum var nýtt form notað þar sem farið var yfir upplýsingar sem sendar verða í grunnskóla barns. Foreldrar þurfa að samþykkja með undirritun það sem kemur fram á blaðinu en allt eru það upplýsingar sem auðvelda flutning barna á milli skólastiga.

Aðkoma foreldra að skólastarfi var takmörkuð framan af vetri en foreldrafélagið hélt áfram að bjóða upp á viðburði eins og áður. Sumarhátíð skólaársins var haldin í ár með eðlilegu sniði og var auðsjáanlegt að kominn var tími á foreldra að hittast í skólanum.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra var haldinn í júní. Á þeim fundi gefst foreldrum tækifæri til að skoða skólann og hitta aðra foreldra. Reynslan hefur sýnt að þetta form hjálpar foreldrum þegar kemur að aðlögun vegna þess að þá þekkja þeir húsnaðið sem gerir alla örugga.

Móttaka og samskipti við erlendra foreldra er ekki með öðrum hætti en annarra foreldra fyrir utan að upplýsingar til þeirra eru sendar með enskum texta. Þeim er boðið upp á túlkaþjónustu í samtölum og þegar aðlögun stendur yfir og barnið hefur enga íslensku þá eru túlkar fengnir til að vera með barinun í nokkra daga. Er það gert eftir að foreldrið hættir að vera með barninu. Við komum til með að halda þessu formi áfram og erum að vinna í því að útbúa upplýsingabæklinga og eyðublöð með enskum texta.

7 Skipulagsdagar, leikskóladagatal, viðburðir

Skipulagsdagar komandi skólaárs verða sex. Eins og áður þarf leikskólinn að vera með daga í samráði við Grandaskóla. Það eru þess vegna ekki margir dagar sem við erum að ráðstafa þannig að þeir henti starfinu hjá okkur.

Skipulagsdagar verða notaðir til fræðslu, samtala og upplýsinga. Við leggjum að þessu sinni áherslu á vinnu að þróunarverkefnum sem við höfum fengið styrk til. Sótt var um þrjá styrki að þessu sinni. Sótt var um A og tvo B styrk á vegum SFS. Allar styrkumsóknir voru samþykktar og er niðurstaðan sú að við fengum þá alla. Allir styrkirnir eru samvinnuverkefni með einum eða öðrum hætti. Tveir eru í samvinnu með Gullborg og Ægisborg, auk menntavísindasviðs HÍ. Þriðji styrkurinn er í samvinnu við Kvistaborg, Austurborg og Garðaborg auk menntavísindasviðs HÍ.

19. ágúst 2022	Sameiginlegur dagur að hluta til með Gullborg og Ægisborg vegna B-hluta styrks Menntavísindasviðs og Reykjavíkurborgar. Eftir hádegi verða deildarfundir og undirbúningur fyrir skólaárið.
17. nóvember 2022	Sameiginlegur dagur með Gullborg og Ægisborg vegna þróunarverkefnis um félagsfærni og sjálfseflingu. Eftir hádegi undirbúningur fyrir foreldrasamtöl
6. janúar 2023	Sameiginlegur dagur fyrir hádegi með Gullborg, Ægisborg Menntavísindasviðs um leikinn.
13. mars 2023	Starfsmannafundur – vinna með KVAN vegna A- hluta þróunarstyrks
19. og 21. apríl 2023	Námsferð Grandaborgar, Gullborgar og Ægisborgar til Stokkhólms
10. maí 2023	Lokavinnsla á gerð starfsáætlunar fyrir skólaárið 2023-2024

Leikskóladagatal hefur verið í frekar föstu formi milli skólaára og þannig verður það áfram næsta skólaár. Leikskóladagatalið er ekki tæmandi og við áskilum okkur rétt til að gera breytingar á því ef þannig ber undir, til að mynda breytingar á afmælisföstudögum og viðburðum sem ekki er búið að bóka fyrir fram s.s. jólaeikrit í boði foreldrafélagsins.

8 Fylgigögn

8.1 Umsögn foreldraráðs

8.2 Leikskóladagatal

F. h. leikskólans Grandaborgar

Helena Jónsdóttir

2. ágúst 2022

Leikskólastjóri

Dagsetning



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð skipa:

**Helga Jóna Eiríksdóttir
Heiðar Smári Heiðarsson
Dagný Björk Aðalsteinsdóttir**



Umsögn Foreldraráðs

Starfsárið 2022-2023

Foreldraráð hefur yfirfarið starfsáætlun Grandaborgar fyrir starfsárið 2022 – 2023 og lýsir yfir ánægju sinni með það mikla metnaðarfulla og faglega starf sem þar fer fram. Á nýliðnu starfsári vill foreldraráð koma á framfæri hversu vel hefur verið staðið að upplýsingagjöf vegna framkvæmda sem þurfti að ráðast í. Enn fremur má taka það fram að öll samskipti og upplýsingaflæði til foreldra í gegnum heimsfaraldur hefur verið til fyrirmyndar. Þá sérstaklega ánægjulegt að foreldrar geti fylgst með skólastarfi barnanna sinna í gegnum Instagram hverrar deildar og að Heilsubók sé nú orðin rafræn og aðgengileg foreldrum. Mælt er með því að vefsíða leikskólans sé uppfærð reglulega með þessum helstu upplýsingum eins og hvar sé hægt að nálgast Heilsubókina og gagnlegt væri að hafa alltaf uppfærðan starfsmannalista með myndum af starfsfólki allra deilda. Þetta auðveldar nýjum foreldrum lífið. Það var ánægjulegt að foreldrar yngstu barnanna gátu þó skoðað skólann þrátt fyrir takmarkanir. Sérstaklega fagnar foreldraráð því að þegar hægt var að taka aftur upp flæði milli deilda enda hefur verið mjög jákvæð reynsla af því meðal barnanna.

Það fer ekki framhjá foreldrum hversu mikið er lagt í allt starf með börnunum og má þar sérstaklega nefna Lubbastundir sem hafa gengið vel á yngstu og elstu deildunum. Vonandi verða þær einnig markvissari á Ölduvík á næsta skólaári. Ánægjulegt var að sjá að tónmennt hafi verið stór þáttur hjá börnunum á Ölduvík og væri gaman að sjá tónlistaruppeldið ná til allra deilda og verði markviss þáttur í dagskipulaginu. Það er þó leitt að heyra að samstarfið við KR hafi fallið niður en vonandi verður hægt að koma því aftur við á næsta skólaári.

Foreldraráð fagnar þeim verkefnum sem starfsfólk Grandaborgar hefur ráðist í og sótt um styrki fyrir. Það var gaman að fylgjast með þeim Danna og Karen í námsferð í Bologna á Ítalíu og kynnast efni tengt Montessori, Reggio, óhefðbundnu námi og útinámi. Það mun örugglega nýtast vel á komandi skólaári. Það er ánægjulegt að sjá áframhaldandi samstarf milli leikskólanna í hverfinu og Grandaskóla. Það styrkir börnin félagslega og gefur þeim kost á því að kynnast öðrum börnum í hverfinu sem þau sameinast svo með í grunnskóla. Það er mikill kostur og undirbýr þau fyrir þær breytingar sem verða þegar grunnskólagangan hefst. Það er góð hugmynd að hafa fyrirfram ákveðnar dagsetningar fyrir heimsóknir á milli leikskóla og skóla, það hjálpar til við skipulag og hvetur til þess að heimsóknirnar verði að veruleika.

Á síðasta skólaári urðu foreldrar varir við að erfiðlega gekk að manna allar stöður um haustið. Í stað þess að fresta innritun yngstu barnanna var reynt að dreifa álaginu og gekk það ágætlega upp. Hvert barn fékk þannig fjögurra daga vistun fyrstu vikunnar. Það er því einstaklega ánægjulegt að heyra að útlit er fyrir meiri stöðugleika í starfsmannahópnum næsta skólaár. Þá er einnig jákvætt að heyra af auknum fjölbreytileika í kennarahópnum og tungumálakunnátta starfsfólksins nýtist í starfinu.

Foreldraráð lýsir áhyggjum sínum yfir því að virkni foreldra í foreldrafélaginu sé ekki meiri. Virkja þarf foreldra betur til áhuga og þátttöku í félagsstarfi leikskólans, þar sem virkni foreldra í félaginu er mjög mikilvæg. Með því að fá fleiri foreldra inn í félagið komast fleiri sjónarmið og hugmyndir varðandi skipulag og annað á framfæri.

Það er gaman að heyra að tækifærið sé nýtt til að kenna börnum um fjölbreytni og að starfsfólk fái tækifæri til að skína í starfi og hlúa að styrkleikum sínum í starfi sínu með börnunum. Foreldraráð er því sammála um að starfsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 endurspegli vel markmið og það faglega starf sem unnið er í Grandaborg.

Reykjavík, 14. júlí 2022

Dagný Björk Aðalsteinsdóttir
Heiðar S. Heiðarsson
Helga Jóna Eiríksdóttir





Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: Grandaborg

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M	Frídagur verslunarmanna	1 F		1 L		1 Þ		1 F	Piparkökubakstur Fullveldisdagurinn	1 S	Nýársdagur	1 M		1 M		1 L		1 M	Verkalyðisdagurinn	1 F		1 L	
2 Þ	Sumarfrí	2 F		2 S		2 M		2 F	Leiksyning í boði for.félags	2 M		2 F		2 F		2 S	Pálmasunnudagur	2 Þ		2 F	Afmælisdagur - íslenskir tánalítir og hjóladagur	2 S	
3 M	Sumarfrí	3 L		3 M	Kynningarfundur deilda	3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 F		3 M		3 M		3 L		3 M	
4 F	Opnum	4 S		4 Þ	Kynningarfundur deilda	4 F		4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ		4 F		4 S	Sjómanna dagurinn	4 Þ	
5 F		5 M		5 M	Kynningarfundur deilda	5 L		5 M		5 F		5 S		5 S		5 M		5 F		5 M		5 M	
6 L		6 Þ		6 F	Kynningarfundur deilda	6 S		6 Þ	Jólaverksteði með foreldrum kl. 14:30	6 F	Þrettándinn / Skipulagsdagur	6 M	Dagur leikskólans	6 M		6 F	Skírdagur	6 L		6 Þ	Kynningarfundur fyrir nýja foreldra	6 F	
7 S		7 M		7 F		7 M		7 M		7 L		7 Þ		7 Þ		7 F	Föstudagurinn langi	7 S		7 M		7 F	Afmælisdagur - ?
8 M		8 F	Dagur læsis	8 L		8 Þ	Baráttudagur gegn einelti	8 F		8 S		8 M		8 M		8 L		8 M		8 F		8 L	
9 Þ		9 F	Afmælisdagur - brúnn	9 S		9 M		9 F	Afmælisdagur - jölin	9 M		9 F		9 F		9 S	Páskadagur	9 Þ		9 F	Sumarhátíð Grandaborgar	9 S	
10 M		10 L		10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F	Afmælisdagur - dótadagur	10 F	Afmælisdagur - yfirvaraskegg	10 M	Annar í páskum	10 M	Skipulagsdagur	10 L		10 M	
11 F		11 S		11 Þ		11 F	Afmælisdagur - blár	11 S		11 M		11 L	Dagur íslenska táknaðsins	11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ	
12 F	Afmælisdagur - regnbogi	12 M		12 M		12 L		12 M		12 F		12 S		12 S		12 M		12 F	Afmælisdagur - grænn	12 M		12 M	Sumarfrí til og með 10. ágúst
13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 Þ		13 F	Afmælisdagur - vasaljós	13 M		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F	Sumarfrí
14 S		14 M		14 F	Afmælisdagur - bleikur	14 M		14 M	Jólaball, jólamatur	14 L		14 Þ		14 Þ	Dagur stærðfræðinnar	14 F	Afmælisdagur - gulur	14 S		14 M		14 F	Sumarfrí
15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F		15 L	
16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 S		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 M		16 F		16 F		16 S		16 Þ	Ljósmyndari ?	16 F		16 S	
17 M		17 L		17 M		17 F	Skipulagsdagur	17 L		17 Þ		17 F	Konudags-morgunverður	17 F		17 M		17 M		17 L	Lýðveldisdagurinn	17 M	Sumarfrí
18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ		18 F	Uppstigningardagur	18 S		18 Þ	Sumarfrí
19 F	Skipulagsdagur	19 M		19 M		19 L		19 M		19 F		19 S	Konudagur	19 S		19 M		19 M		19 L		19 M	Sumarfrí
20 L		20 Þ		20 F		20 S	Dagur mannréttinda barna	20 Þ		20 F	Bóndadagur - morgunverður	20 M	Bolludagur	20 M		20 F	Sumardagurinn fyrsti	20 L		20 Þ		20 F	Sumarfrí
21 S		21 M		21 F		21 M		21 M		21 L		21 Þ	Sprengidagur	21 Þ		21 F	Skipulagsdagur	21 S		21 M		21 F	Sumarfrí
22 M		22 F		22 L	Fyrsti vetrardagur	22 Þ		22 F		22 S		22 M	Óskudagur	22 M		22 L		22 M		22 F		22 L	
23 Þ		23 F		23 S		23 M		23 F	Þorláksmessa	23 M		23 F		23 F		23 S		23 Þ		23 F		23 S	
24 M		24 L		24 M		24 F		24 L	Aðfangadagur jóla	24 Þ		24 F		24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	Sumarfrí
25 F		25 S		25 Þ		25 F		25 S	Jóladagur	25 M		25 L		25 L		25 Þ	Krakkahestar í boði for.fél. f.h.	25 F	Útskrift árgangs 2017	25 S		25 Þ	Sumarfrí
26 F		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 L		26 M	Annar í jölum	26 F		26 S		26 S		26 M		26 F		26 M		26 M	Sumarfrí
27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 Þ		27 F		27 M		27 M		27 F		27 L		27 Þ		27 F	Sumarfrí
28 S		28 M		28 F		28 M		28 M		28 L		28 Þ		28 Þ		28 F		28 S	Hvítasunnudagur	28 M		28 F	Sumarfrí
29 M		29 F		29 L		29 Þ	Piparkökubakstur	29 F		29 S				29 M		29 L		29 M	Annar í Hvítasunnu	29 F		29 L	
30 Þ		30 F		30 S		30 M	Piparkökubakstur	30 F		30 M				30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S	
31 M				31 M		31 L		31 L	Gamlársdagur	31 Þ				31 F				31 M				31 M	Sumarfrí
Sameiginlegur skipulagsdagur með G/E vegna B-hluta.						Sameiginlegur skipulagsdagur með G/E vegna A-hluta		Leiksyning og jólaball er í boði foreldrafélagsins		Sameiginlegur dagur með G/E vegna B-hluta		Dagur leikskólans. Opíð hús allan daginn.				Námsferð starfsmanna Grandaborgar		Sameiginlegur dagur með G/E vegna B-hluta.		Sumarhátíð í samvinnu við foreldrafélagið			
Sameiginlegur dagur með Grandaskóla						Sameiginlegur dagur með Grandaskóla																	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólin en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.